



Ársskýrsla 2016-2017

Leikskólinn Brimver/Æskukot



Sigríður Birna Birgisdóttir
Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

1.	Almennar upplýsingar	3
1.1	Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.)	3
1.2	Breytingar og viðhald	3
2.	Starfsgrundvöllur	4
2.1	Áherslur og markmið	4
2.2	Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður	4
2.2.1	Umbótaáætlun	4
2.3	Skipulag	4
3.	Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016	6
3.1	Framkvæmd starfsáætlunar	6
3.2	Þróun og nýbreytni	6
4.	Starfsmenn	6
4.1	Starfsfólk, stöðuheiti og menntun	6
4.2	Fundir	7
4.3	Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun	7
5.	Börn	10
5.1	Fjöldi barna (aldur, barngildi, dvalartímar)	10
5.2	Nemendur sem njóta sérkennslu	10
6.	Foreldrasamstarf	10
6.1	Markmið og áherslur	10
6.2	Foreldrafundir	11
6.3	Foreldraviðtöl	11
6.4	Fréttabréf	11
6.5	Foreldrafélög	11
6.6	Foreldraráð	11
7.	Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	11
7.1	Samstarf við skólajónustu	11
7.2	Samstarf við grunnskóla	11
	Lokaorð	12

1. Almennar upplýsingar

1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými á barn, heildarrými o.fl.)

Leikskólarnir Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri voru sameinaðir haustið 2012. Leikskólinn Brimver hóf starfsemi sína í mars 1975, þar eru tvær deildir, Kötlusteinn og Merkisteinn. Leikskólinn Æskukot hóf starfsemi sína í núverandi húsnæði 11. október 1987, þar eru tvær deildir, Fiskaklettur og Bátaklettur. Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir „við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps“.

Brimver og Æskukot fengu báðir viðurkenningu sem heilsuleikskóli þann 10.10.2010. Æskukot fékk Grænfánann 15. júní 2010 og í annað sinn 10. október 2012. Brimver/Æskukot fékk Grænfánann afhentan í fyrsta sinn fyrir báðar starfsstöðvar á Degi jarðar 22. apríl 2016.

Heilsustefnan er hjúpurinn utan um allt starfið þar sem lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna, efla félagslega færni einstaklingsins og stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.

Vinátta, gleði, heilbrigði og sköpun eru leiðarljós leikskólans og eiga að vísa veginn við mótun leikskólastarfsins.

1.2 Breytingar og viðhald

Brimver

Breyting var gerð í Brimveri þar sem sameinuð var skrifstofa skólastjóra og undirbúningsherbergi starfsmanna. Það sem áður var undirbúningsherbergi starfsmanna er núna sérkennsluherbergi þar sem unnið er með nemendum. Herbergið er líka nýtt fyrir foreldraviðtöl, teymisfundir og sérfræðipjónustu, t.d. talmeinafræðinga og sálfræðinga. Herbergið var málað, skipt um skápa, borð og stóla. Kaffistofa starfsmanna á Brimveri var máluð og aðstaða fyrir starfsmenn bætt, keyptur var sófi, lampar og skemill.

Breyting var gerð á salerni yngri deildar Kötlusteins á Brimveri, nú er gengið inn á það beint af deildinni. Þar var skipt um gólfdukk, málað, skiptiaðstaða bætt og nýr vaskur settur upp fyrir nemendur. Á Merkisteini var skipt um skápa og keypt tvö ný borð.

Eldhús og salerni starfsmanna í Brimveri, skipt var um gólfdukk. Skipt var um gólfdukk í eldhúsi og það var málað.

Settar voru upp tvær ungbarnarólur og skipt um öryggismottur undir rólum á Brimveri.

Æskukot

Endurbætur voru gerðar á hurðaropnum með tilliti til eldvarna og skipt var um þak á eldra húsnæði skólans.

Eðlilegt viðhald var á báðum starfsstöðvum á húsnæði, leiktækjum og lóðum þar sem tekið er tillit til ábendinga frá Brunavörnum Árnessýslu og Heilbrigðiseftirliti.

2. Starfsgrundvöllur

2.1 Áherslur og markmið

Skólastarf leikskólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í febrúar 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að markmiðum hennar með gerð skólanámskrár. Í skólanámskrá Brimvers/Æskukots koma fram áherslur og sérstaða í starfinu.

2.2 Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður

Mat á starfi skólans fer fram með fjölbreyttum hætti. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á ári í kjölfar skráningar í Heilsubók barnsins, þar fá foreldrar upplýsingar um barnið og skólastarfið og leitað er eftir álitum þeirra á skólastarfinu. Ákveðið mat fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Á skipulagsdögum og starfsmannafundum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

Foreldrakönnun Skólalámsins var lögð fyrir á vorönn. Umbótaáætlun er unnin í kjölfarið þar sem lagt er mat á niðurstöðurnar og áætlun gerð um framhaldið.

2.2.1 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun er gerð út frá mati á skólastarfinu sem nefnt var hér að ofan. Í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður lögð áhersla á að vinna áfram í þeim anda sem lagt var af stað með á síðasta skólaári með þróunarverkefninu „Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg“ sem skólasamfélagið í Árborg vann saman að með styrk frá Sprotasjóði. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og unnið að Handbók leikskólans þar sem hægt verður að sjá verkferla, leiðir og bjargir sem unnið er eftir í skólanum. Einnig er í umbótaáætlun gert ráð fyrir að bæta upplýsingaflæði til foreldra og er þá horft til þess að upplýsingar um daglegt starf hvarrar deildar skili sér betur til foreldra. Samræma þarf á milli deilda hvernig og hvaða leiðir séu nýttar til að upplýsa foreldra sem best. Umbótaáætlun í heild sinni má sjá á heimasíðu leikskólans.

2.3 Skipulag

Leikskólalagatal sem samþykkt var fyrir skólaárið er ákveðinn rammi um skipulag á skólaárinu. Þar koma m.a. fram starfsdagar og viðburðir. Deildarstjórar gera dagskipulag deilda/hópa fyrir hvern dag sem fellur að skipulagi skólans og tekur mið af nemenda- og starfsmannahópnum hverju sinni. Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:30.

Leikskóladagatal 2016 - 2017

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur verslunamanna	1 F	1 L	1 Þ Foreldravíðtöl	1 F Fúlveldisdagurinn Raubur dagur	1 S Nýársdagur	1 M	1 M Óskudagur	1 L	1 M Verkaþýsdagurinn	1 F Barnabær	1 L
2 Þ Sumarfrí	2 F	2 S	2 M Foreldravíðtöl	2 F	2 M Starfsdagur	2 F	2 F Skráning í Heilsubók	2 S Dagur barnabókarinnar	2 Þ	2 F Sjómíningsafnið	2 S
3 M Sumarfrí	3 L	3 M Skráning í Heilsubók	3 F Foreldravíðtöl	3 L	3 Þ	3 F Dagur stærðfræðinnar	3 F Skráning í Heilsubók	3 M Foreldravíðtöl	3 M	3 L	3 M
4 F Opnar eftir sumarfrí	4 S	4 Þ Skráning í Heilsubók	4 F Foreldravíðtöl	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ Foreldravíðtöl - Blár dagur	4 F	4 S Hvítasunnud/Sjómánad.	4 Þ
5 F	5 M	5 M Skráning í Heilsubók	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M Foreldravíðtöl	5 F	5 M Annar í Hvítasunnu	5 M
6 L	6 Þ	6 F Skráning í Heilsubók	6 S	6 Þ	6 F Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Skráning í Heilsubók	6 F Foreldravíðtöl	6 L	6 Þ	6 F Sumarfrí
7 S	7 M	7 F Hautþing	7 M Foreldravíðtöl	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ Skráning í Heilsubók	7 F Foreldravíðtöl	7 S	7 M Starfsdagur	7 F Sumarfrí
8 M	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 S	8 M Hjómpróf /seinnihluti	8 M Skráning í Heilsubók	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M Foreldravíðtöl	9 F	9 M Starfsmannavíðtöl	9 F Hjómpróf /seinnihluti	9 F Skráning í Heilsubók	9 S Pálmasunnudagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M Skráning í Heilsubók/Hljóm	10 F Foreldravíðtöl	10 L	10 Þ Starfsmannavíðtöl	10 F	10 F Skráning í Heilsubók	10 M	10 M	10 L	10 M Sumarfrí
11 F	11 S	11 Þ Skráning í Heilsubók/Hljóm	11 F Foreldravíðtöl	11 S	11 M Starfsmannavíðtöl	11 L	11 L	11 Þ Þáskageggalet foreldrafélag	11 F	11 S	11 Þ Sumarfrí
12 F	12 M	12 M Skráning í Heilsubók/Hljóm	12 L	12 M	12 F Starfsmannavíðtöl	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M Sumarfrí
13 L	13 Þ Kynning á skólafarinu Brimveri kl.8:10-9:00	13 F Skráning í Heilsubók/Hljóm	13 S	13 Þ	13 F Starfsmannavíðtöl	13 M	13 M Skráning í Heilsubók	13 F Skírdagur	13 L	13 Þ Hjóladagur	13 F Sumarfrí
14 S	14 M Kynning á skólafarinu Æskukoti kl.8:10-9:00	14 F Bláskur dagur	14 M Foreldravíðtöl	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Skráning í Heilsubók	14 F Föstudagurinn langi	14 S	14 M Vorhátíð Æskukoti	14 F Sumarfrí
15 M	15 F	15 L	15 Þ Foreldravíðtöl	15 F	15 S	15 M	15 M Skráning í Heilsubók	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 S	16 M	16 F	16 M Starfsmannavíðtöl	16 F	16 F Skráning í Heilsubók	16 S Þáskadagur	16 Þ Útskrift Brimveri kl. 15:00	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M Skráning í Heilsubók	17 F Starfsdagur	17 L	17 Þ Starfsmannavíðtöl	17 F Konudagskaffi	17 F Skráning í Heilsubók	17 M Annar í þáskum	17 M Útskrift Æskukoti kl. 15:00	17 L Lyðveldisdagurinn	17 M Sumarfrí
18 F Starfsdagur	18 S	18 Þ Skráning í Heilsubók	18 F	18 S	18 M Starfsmannavíðtöl	18 L	18 L	18 Þ	18 F Útskriftarferð	18 S	18 Þ Sumarfrí
19 F	19 M	19 M Skráning í Heilsubók	19 L	19 M	19 F Starfsmannavíðtöl	19 S Konudagur	19 S	19 M	19 F	19 M Aðlögun á milli delida	19 M Sumarfrí
20 L	20 Þ	20 F Skráning í Heilsubók	20 S Alþjóðdagur barna	20 Þ Jólaball kl.15:00-16:00 í BES. Jólamatur í hádegis	20 F Böndadagur	20 M	20 M Skráning í Heilsubók	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ	20 F Sumarfrí
21 S	21 M	21 F Skráning í Heilsubók	21 M	21 M	21 L	21 Þ Starfsdagur	21 Þ Skráning í Heilsubók	21 F	21 S	21 M	21 F Sumarfrí
22 M	22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ Æskukot jólaþakinn kl. 16:00 foreldrafélag	22 F	22 S	22 M	22 M Skráning í Heilsubók	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þortásmessa	23 M	23 F	23 F Skráning í Heilsubók	23 S	23 Þ Vorferð? foreldrafélag	23 F Vorhátíð Brimveri	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F	24 F Skráning í Heilsubók	24 M	24 M	24 L Jónsmessa	24 M Sumarfrí
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Uppstigningardagur	25 S	25 Þ Sumarfrí
26 F	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 L	26 M Annar í jölum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M Sumarfrí
27 L	27 Þ Aðalfundur foreldrafélags kl. 20:00-21:00	27 F Alþjóðlegi bangsadaurinn	27 S Brimver aðventukvöld foreldrafélag	27 Þ	27 F	27 M Bolludagur	27 M Foreldravíðtöl	27 F	27 L	27 Þ	27 F Sumarfrí
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M Vasjapöskferð Tímberholtskóg foreldrafélag kl. 8:30	28 L	28 Þ Sprengidagur	28 Þ Foreldravíðtöl	28 F	28 S	28 M	28 F Sumarfrí
29 M	29 F Skráning í Heilsubók	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 S	29 M Foreldravíðtöl	29 L	29 M Barnabær	29 F	29 L
30 Þ	30 F Skráning í Heilsubók	30 S	30 M	30 F Piparkökubakstur	30 M	30 M	30 F Foreldravíðtöl	30 S	30 Þ Barnabær	30 F	30 S
31 M		31 M Foreldravíðtöl		31 L Gamlársdagur	31 Þ		31 F		31 M Barnabær		Sumarfrí - opnum eftir frí 10. ágúst

3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016

3.1 Framkvæmd starfsáætlunar

Starfsáætlun var unnin með starfsfólki í góðu samstarfi við foreldrafélög og foreldraráð skólans.

3.2 Þróun og nýbreytni

Í skólastarfinu hefur verið lögð áhersla á þróunarverkefnið „Námsmat á mörkum skólastiga“ sem unnið var með í öllum skólum Árborgar og FSU. Við upphaf verkefnis fór starfsfólk skólans yfir matsverkefnið um stöðu námsmats, sterka þætti í námsmati skólans og gerðar áætlanir um það sem þyrfti að styrkja. Gerðar voru þrjár framkvæmdaáætlanir með markmiðum og útlínum að skipulagi vetrarins fyrir þessi verkefni og voru þau sett í starfsáætlun 2016-2017. Forgangsverkefni skólans fyrir skólaárið voru þrjú og lagt hefur verið mat á framvindu og árangur þeirra.

1) Lýðræði – þátttaka nemenda í námsmati. Markmið þess verkefnis er að börnin verði þátttakendur í námsmati sínu (Heilsubók barnsins) undir kaflanum *Lífsleikni* (leikur, samskipti og líðan) og að niðurstöður úr skráningum verði nýttar við innra mat vorið 2017.

2) Starfsþróun kennara v/snemmtækra íhlutunar - þar er markmiðið að auka þekkingu kennara til að nýta matskráningar og vinna í anda snemmtækra íhlutunar og flokka námsgögn eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.

3) Starfsþróun kennara v/matstækja sem nýtt eru í leikskólanum - í tenglum við framangreind verkefni. Þar eru markmiðin að auka þekkingu kennara við skráningar í Heilsubók barnsins, fjölga kennurum sem hafa TRAS réttindi, efla þekkingu kennara á einhverfu og snemmtækri íhlutun, efla þekkingu kennara á skipulagðri kennslu, auka þekkingu/réttindi kennara á AEPS skráningarlista.

Næstu skref eftir mat á stöðu verkefnis er:

- Húsnæði – koma skipulagi á hvernig best er að nýta það til að styðja við nám og kennslu
- Námsgögn – flokkuð út frá snemmtækri íhlutun og gott aðgengi
- Verkerlar – aðgengilegir í Handbók leikskólans

Stefnt var að því að Handbók leikskólans yrði langt komin á skólaárinu. Við erum komin vel af stað þar sem búið er að vinna ákveðna grunnvinnu og fræðslu. Eftir stöðufund með Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi, höfum við metið það svo að sú vinna haldi áfram næsta skólaár og verði lokið í júní 2018.

4. Starfsmenn

4.1 Starfsfólk, stöðuheiti og menntun

Staðgenglar leikskólastjóra eru á báðum starfsstöðvum. Staðgengill á Brimveri er Vigdís Jónsdóttir sem einnig er deildarstjóri, á Æskukoti er það Drífa V. Ernhardsdóttir og er hún líka deildarstjóri. Sædís Sif Harðardóttir var ráðin sérkennslustjóri við leikskólann í ágúst 2016. Stjórnunarteymi Brimvers/Æskukots skipa leikskólastjóri, fjórir deildarstjórar og sérkennslustjóri. Á skólaárinu hafa 28 manns starfað í leikskólanum í mislangan tíma.

Menntun starfsfólks á vorönn er þannig: sex leikskólakennarar, einn aðstoðarleikskólakennari, einn hjúkrunarfræðingur, einn með félags- og tólmstundafræði, fjórir leikskólaliðar og tveir með stúdentspróf, aðrir eru með grunnskólapróf. Einn er í leikskólakennaranámi sem tekið er í fjarnámi með vinnu.

Matráðar eru á báðum starfsstöðvum, hvor í 75% stöðu. Eftir útboð á ræstingum eru þær unnar af starfsmönnum ISS.

4.2 Fundir

Sameiginlegir deildarstjórafundir fyrir báðar starfsstöðvar voru haldnir á þriðjudögum kl. 13-14. Einnig voru haldnir deildarstjórafundir á hvorri starfsstöð fyrir sig. Á þeim sitja aðilar stjórnunarteymis þar sem farið er yfir skólastarfið. Fundargerðir fara inn á deildir til að upplýsa alla um ákvarðanir og umræður á fundi.

Nokkrir deildarfundir voru haldnir en deildarstjórar sjá um skipulagningu þeirra. Deildirnar hjálpast að til að hægt sé að halda þessa fundi sem eru í hálf tíma í senn. Vegna anna var ekki hægt að hafa þessa fundi eins oft og við hefðum óskað eftir. Skipulag þeirra verður skoðað betur fyrir næsta skólaár.

Samráðsfundir deildarstjóra hafa verið nokkrir á skólaárinu og samráðsfundir sérkennslustjóra með deildarstjórum og starfsmönnum deilda.

Starfsmannafundir með öllum starfsmönnum voru haldnir á starfsdögum.

Aðrir sameiginlegir fundir sem fulltrúar leikskólans sækja með fagteymum í Árborg eru: Leikskólastjórafundir sem eru fyrsta þriðjudag í mánuði, sérkennslustjórafundir, fræðsluteymi -samvinna á milli leikskóla, fjölmeningarteymi og samráðsfundir matráða í Árborg.

4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun

Hér má sjá yfirlit yfir það sem gert var á skipulagsdögum 2016-2017

Skipulagsdagar	Tilgangur	Tímabil	Klst.	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
1. starfsdagur	Starfsmannafundur Fyrirlestrar: Samskipti og úrræði. Börn og lýðræði. Sorg og sorgarviðbrögð. Snemmtæk íhlutun. (Ásthildur Bj. Snorradóttir)	18. ágúst	8	Dagvinna	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri Sérkennslustjóri	Stokkseyri
2. starfsdagur Haustþing FL og FSL	Haustþing. Fjölbreytt örnámskeið og fyrirlestrar um skólastarf.	7. október 2016	8	Dagvinna/akstur Kostnaður á hvern þátttakanda.	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Selfoss
3. Starfsdagur	Starfsmannfundur. Snemmtæk íhlutun. Ásthildur Bj. Snorradóttir. Fræðsla um málþroska, bjargir og íhlutun. kl. 13-16 Námsmat á mörkum skólastiga. Námskeið matráða fh. fæðuþöpol og ofnæmi.	17. nóvember 2016	8	Dagvinna	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Brimver/Æskukot Sunnulækjarskóli Árborg

4. Starfsdagur	Kl.8-12 Starfsmannafundur v/Námsmat á mörkum skólastiga. kl. 13-16 Námsmat á mörkum skólastiga sameiginlegt með skólum Árborgar.	2. janúar 2017	8	Dagvinna/akstur	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Brimver/Æskukot Hótel Selfoss
4. Starfsdagur	Kl. 8-12 Deildarfundir. Teymisfundir. Skráningar fyrir foreldraviðtöl. Kl. 13-16 Námsmat á mörkum skólastiga. Fyrirlestrar um skráningar og lýðræði í skólastarf. Anna Elísa Hreinsdóttir.	21. febrúar 2017	8	Dagvinna	Allir starfsmenn Starfsmenn leikskóla Árborgar	Leikskólastjóri	BES á Stokkseyri
5. Starfsdagur	Mat á skólastarfi og umbótaáætlun. Málþroski ungra barna. Aldursviðmið og hugmyndir að málörvun frá 9. mánaða til 6 ára. - Ásthildur Bj. Snorradóttir. Teymisfundur. Skipulagsvinna og frágangur.	7. júní 2017	8	Dagvinna/yfirv. og akstur	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Árborg

Önnur símenntun

Hér má sjá yfirlit yfir önnur námskeið

Önnur símenntun	Tilgangur	Tímabil	Klst.	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
Sorg og sorgarviðbrögð		9. ágúst Kl.20-22	2		Foreldrar, leikskólastjóri og prestur	Leikskólastjóri	Æskukot
Röskun á einhverfurófi II A, leikskólaaldurinn. Net námskeiðið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.	Að efla þekkingu og skilning þátttakenda á mikilvægi markvissrar og heildstæðrar íhlutunar á leikskólaárunu. Að þátttakendur kynnist aðferðum heildstæðrar kennslu og þjálfunar sem	14-20. sept. 2016	5	16.000 kr.	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Brimver/Æskukot

	Greiningarstöð mælir með.						
TRAS	Fá TRAS réttindi	9. sept. 7. okt.	5	Dagvinna/ akstur Námskeiðs gjald 60.000 kr.	2 kennarar	Leikskólastjóri Þátttakendur	Reykjavík
Skráning í Heilsubók barnsins	Skráningar, innihald og hvernig kennari getur nýtt sér upplýsingar í Heilsubók barnsins.	30. sept. 2016	2	Samtök heilsuleikskóla Dagvinna/ akstur	2. deildarstjórar sérkennslustjóri starfsmaður í leikskóla	Leikskólastjóri Þátttakendur	Reykjarnes
Námsmat á mörkum skólastiga	Vinna að þróunarverkefni Samstarfsfundir	13. okt. 2016	6	Dagvinna	Deildarstjórar Sérkennslustjóri Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	Ráðhús Árborgar Selfossi
Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og verði	Námskeið um vinnuvernd. Námskeiðið er á kostnað atvinnurekanda, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	19. og 20. okt.	14	Dagvinna/ akstur 40.500 kr. námskeiðsgjald	Öryggis- trúnaðarmaður		Selfoss
Skipulögð kennsla			21	Dagvinna/ akstur Námskeiðs gjald	Sérkennslustjóri	Leikskólastjóri Þátttakandi	Reykjavík GRR
Námskeið fyrir nýtt starfsfólk leikskóla	Auka þekkingu og skilning	Október	6	Dagvinna	1 starfsmaður	Leikskólastjóri	Ráðhús Árborgar, Selfossi
PALS-Lestur		20 okt. 2016		Dagvinna Námskeiðs gjald	Deildarstjóri	Leikskólastjóri Þátttakandi	Selfoss
FSL námskeið		28. okt.	6,5	Dagvinna	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	Hella
Fjölmenning		Nokkur skipti yfir skólaárið		Dagvinna	Sérkennslustjóri 2 deildarstjórar		
Sérkennslustjóri		Janúar 2017	8	Dagvinna/ akstur Námskeiðs gjald	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Reykjavík GRR
Skipulögð kennsla		14.,15. og 16. mars	21	Dagvinna/ akstur Námskeiðs gjald	2 deildarstjórar	Leikskólastjóri Þátttakendur	Reykjavík GRR
AEPS		Vorönn 2017	25	Dagvinna/ akstur Námskeiðs gjald	Sérkennslustjóri Deildarstjóri	Leikskólastjóri Þátttakendur	Reykjavík GRR
Íslenski málhjóðamælirinn Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur	Skimunartæki í spjaldtölvu (iPad) sem ætlað er fagaðilum	19. maí	8	Dagvinna Námskeiðs gjald	Deildarstjóri Leikskólastjóri	Þátttakendur	Reykjavík Gerðubergi

5. Börn

5.1 Fjöldi barna (aldur, barngildi, dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum í desember 2016 eftir árgöngum og dvalartíma. Á skólaárinu voru nokkrir nemendur sem hófu leikskóladvöl fyrir eins árs aldur.

Fæðingarár	Alls
2011	9
2012	10
2013	16
2014	5
2015	12
2016	1
Samtals	53

Dvalartímar	Fjöldi barna
4 tímar	0
5 tímar	0
6 tímar	6
7 tímar	9
8 tímar	30
9 tímar	8
Nemendur	53

5.2 Nemendur sem njóta sérkennslu

Börn sem falla undir viðmið um sérkennslu fengu hana og var hún skipulögð af sérkennslustjóra og deildarstjórum inni á deildum. Einnig hjá sérkennslustjóra og í gegnum fjarþjálfun hjá talmeinafræðingi hjá Tröppu ehf. Trappa býður upp á talþjálfun í gegnum fjarbúnað.

Heilsubók barnsins er einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í leikskólanum. Skráningar í hana eru gerðar tvisvar á ári og eru foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar.

TRAS (Tidlig registrering af sprákuþvöllum) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.

Orðaskil-málproskapróf, höfundur: Elín Þóll Þórðardóttir - Um áramót 2016 var ákveðið að fá foreldra í Árborg til að fylla út Orðaskil rétt áður en barnið verður þriggja ára. Þetta málproskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málproski barna mælist innan eðlilegra marka. Sérkennslustjóri les úr niðurstöðum og setur af stað viðeigandi íhlutun með deildarstjóra og foreldrum ef ástæða er til.

Hljóm-2, höfundar: Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. Er það lagt fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti og unnið með nemendum út frá niðurstöðum þeirra. Prófið er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Prófbættir eru: rím, samstöfur (atkvæði), samsett orð, hljóðgreining, orðhlutaeyðing og margræð orð. Niðurstöður sýna mjög slaka færni, slaka færni, meðalfærni eða góða færni miðað við jafnaldra.

6. Foreldrasamstarf

6.1 Markmið og áherslur

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra, að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti talað við starfsfólk ef eitthvert vandamál kemur upp. Foreldrar þurfa að geta treyst á að hlustað sé á þá og eitthvað gert í málunum. Einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

6.2 Foreldrafundir

Kynningarfundir voru haldnir að hausti fyrir foreldra á báðum starfsstöðum, 14. september í Æskukoti og 13. september í Brimveri. Skólastarfið var kynnt og foreldrar fengu afhentan kynningarbækling, skóladagatal og dagskipulag deilda. Aðalfundur foreldrafélaga var haldinn 27. september.

6.3 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn. Skráningar í Heilsubók barnsins voru gerðar í október 2016 og mars 2017 og voru foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar þar sem foreldrar hittu deildarstjóra og hópstjóra. Foreldrum stendur ávallt til boða að fá viðtalstíma við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þegar þeir óska eftir því.

6.4 Fréttabréf

Fréttabréf voru gefin út sjö sinnum yfir skólaárið. Fréttir voru settar á heimasíðu leikskólans, á tilkynningartöflur deilda og með tölvupósti.

6.5 Foreldrafélög

Foreldrafélögin eru tvö, við leikskólann í Brimveri og Æskukoti. Allir foreldrar eru í foreldrafélagi. Foreldrafélögin starfa sem traustur bakhjarl leikskólans og markmið þeirra er að efla samstarf heimila og leikskóla. Foreldrafélögin hafa staðið að aðventuhátíðum í leikskólanum, jólaföndri fyrir börn og foreldra, páskaeggjaleit, gefið nemendum útskriftargjafir, tekið þátt í skipulagningu vorhátíða og boðið upp á rútuferðir að hausti og vori. Foreldrafélögin hafa unnið vel saman á skólaárinu.

6.6 Foreldraráð

Við leikskólann Brimver/Æskukot er sameiginlegt foreldraráð. Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Góð samvinna var við foreldraráði, það kom að málefnum leikskólans og hafði starfsáætlun og annað sem kemur að skólastarfinu til umsagnar. Á fundi foreldraráðs voru starfsreglur foreldraráðs samþykktar.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1 Samstarf við skólaþjónustu

Við höfum átt gott samstarf við skólaþjónustu Árborgar. Þar höfum við unnið með sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og kennsluráðgjafa. Skólaþjónustan hefur staðið fyrir fræðslufundum sem starfsfólk nýtti sér.

7.2 Samstarf við grunnskóla

Mjög gott samstarf hefur verið við BES á skólaárinu. Þrír elstu árgangar leikskólans hafa í vetur farið í reglulegar heimsóknir í skólabókasafnið í BES á Stokkseyri með kennurum sínum. Elstu nemendur leikskólans fóru oftast og fóru þeir nokkrum sinnum í heimsókn á skólavist þar sem þeir dvöldu fyrir hádegi. Umhverfisnefnd skólans hélt sína sameiginlegu fundi í BES. Vorskóli var 24., 25. og 26. apríl fyrir elstu nemendur leikskólans.

Jólaball leikskólans var haldið í Barnaskólanum á Stokkseyri 20. desember. Foreldrar/forráðamenn voru hvattir til að fylgja sínu barni á jólaballið og gekk það mjög vel og var þátttakan góð. Við erum ánægð með gott samstarf við starfsfólk og stjórnendur í BES og sjáum marga möguleika til að efla það samstarf enn frekar.

Lokaorð

Skólstarfið gekk vel og var almenn ánægja með framgang þróunarverkefnisins „Námsmat á mörkum skólastiga“ innan skólans. Mikilvægt er að upplýsa alla og nýta vel þann tíma sem við höfum fyrir samráð. Á skólaárinu hafa starfsdagar verið vel nýttir. Hindrandi þættir eru skortur á tíma fyrir samráð kennara, þá er átt við tíma fyrir deildarfundum og reglulega starfsmannafundi. Regluleg ígrundun og umræða á milli kennara er mjög mikilvæg til að lærdómssamfélag þróist sem best. Meðbyr við verkefnið var áhugi á mikilvægi þess fyrir skólstarfið, verkefnið styður við starfsþróun og samstarf á milli kennara og skóla. Þátttaka í verkefninu hefur styrkt lærdómssamfélag skólans, það hefur kallað á sjálfsskoðun, ígrundun, mat, áætlanir um framkvæmd og svo endurtekur sagan sig. Við erum rétt lögð af stað en höfum notið ferðarinnar á svo margan hátt en markmiðið er að nemendum líði vel og allir njóti og læri. Að okkar mati er verkefnið ekki viðbót við skólstarfið heldur frekar innrömmun og ígrundun á því sem felst í starfi okkar.

Við horfum björtum augum til framtíðar og stefnum á að læra, njóta og nýta hverja stund eins vel og hægt er.

Að lokum vill undirrituð þakka samstarfsfólki, nemendum, foreldrum og öllum þeim sem hafa komið að og stutt við skólstarfið, kærar þakkir.

Stokkseyri, 15. ágúst 2017

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri
